



Mýrdalshreppur

FUNDARGERÐ

580. fundur sveitarstjórnar Mýrdalshrepps var haldinn miðvikudaginn 19. september, 2018 kl. 16.00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðal- og varamenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina.

Oddviti sveitarstjórnar, Einar Freyr Elínarson, setti fundinn og stjórnaði honum og óskaði eftir að eftirtalin mál yrðu tekin á dagskrá fundarins:

- Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi frá Veitingahúsinu Suður-Vík ehf.
Verði liður II – 9 í dagskrá.
- Kosning aðalmanns í fræðslunefnd í stað Þorgerðar H. Gísladóttur.
Verði liður III – 3 í dagskrá.
- Áskorun til stjórnar RARIK.
Verði liður III – 4 í dagskrá.
- Tillaga um stofnun starfshóps vegna Leikskála.
Verði liður III – 5 í dagskrá.

Samþykkt var að taka þessi erindi á dagskrá.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

Dagskrá fundarins:

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundur í fjallskilanevnd eystri frá 14. ágúst 2018

Fram var lögð fundargerð Fjallaskilanevndar frá 14. ágúst sl.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

2. Fundargerð fundar í fjallskilanevnd vestari sem haldinn var 20. ágúst 2018

Fram var lögð fundargerð frá Fjallaskilanevnd vestari frá 20. ágúst sl.

Sveitarstjórn samþykkir að skipuleggja skuli smalamennskur í Fellsheiði á grundvelli 16. gr. fjallskilasamþykktar Vestur Skaftafellssýslu sem samþykkt hefur verið í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn felur fjallskilanevnd vestari að leggja í söfn.

Sveitarstjórn staðfestir að öðru leyti afgreiðslu nefndarinnar.

3. Fundargerð 262 skipulagsnefndar 13. september 2018

1. Holt – Stofnun lóðar Guðrún Hildur Kolbeins vék af fundi undir þessum lið

Guðjón Harðarson kt. 301058-5009 sækir um stofnun lóðar úr upprunalandi Holts í Mýrdal. Um er að ræða 13 ha. lóð sem afmarkast í samræmi við framlagðan uppdrátt.

Nefndin gerir ekki athugasemd við framlagðan uppdrátt og umsókn. Lóðarstofnun samþykkt, skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu. GHK mætir aftur til fundarins.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.



Mýrdalshreppur

2. Austurhús Dyrhólaey – Stofnun lóðar

Umhverfisstofnun sækir um stofnun lóðar fyrir salernishús í Dyrhólaey. Um er að ræða 900 m² lóð sem afmarkast í samræmi við framlagt lóðarblað.

Nefndin gerir ekki athugasemd við framlagðan uppdrátt og umsókn. Lóðarstofnun samþykkt, skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

3. Vesturhluti Víkurþorps – Verndarsvæði í byggð

Lögð er fram fullgerð tillaga verndarsvæðis í byggð fyrir vesturhluta Víkurþorps með fornleifaskráningu og húsakönnun. Lagt fram til afgreiðslu fyrir auglýsingu.

Nefndin gerir ekki athugasemd við framlögð gögn og mælist til þess að tillagan verði auglýst.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

4. Dyrhólaeyjavegur – Framkvæmdaleyfi vegna gatnamóta

Vegagerðin sækir um framkvæmdaleyfi fyrir breytingum á gatnamótum Dyrhólaeyjarvegar og Hringvegar, sbr. meðfylgjandi bréfi og uppdrætti.

Nefndin gerir ekki athugasemd við framlögð gögn og samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

5. Hátún – Breytingar á byggingarskilmálum svæðis

Óðinn Gíslason óskar eftir breyttum byggingarskilmálum vegna Hátúns 7-11. Umækjandi óskar eftir því að aðkoma húsanna verði að vestanverðu og þau fái þá að standa neðar í landinu fyrir vikið. **Óðinn kynnir málið fyrir nefndarfólki.**

Óðinn víkur af fundi við afgreiðslu nefndarinnar.

Nefndin leggur til að farið verði í nánari hönnun á svæðinu í samræmi við framlagða beiðni á kostnað umsækjanda. Nefndin tekur afstöðu til málsins eftir að sú hönnun liggur fyrir.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

6. Ungmennafélagið Katla – Umsókn um stöðuleyfi

Ungmennafélagið Katla sækir um stöðuleyfi fyrir gám á íþróttasvæði sveitarfélagsins í samræmi við framlagða umsókn. Umsókn um stöðuleyfi hafði áður verið hafnað á 259.fundi nefndarinnar í maí.

Nefndin fellst ekki á að veita stöðuleyfi fyrir gámnum á þeim stað sem sótt er um. Nefndin telur að gámurinn verði fljótur að skemmast verði hann grafinn inn í jarðvegsmön umhverfis íþróttavöll. Lagt er til að gámurinn verði fluttur á gámasvæði sveitarfélagsins hið fyrsta.

Nefndin leggur til að farið verði í viðhaldsframkvæmdir á vallahúsi hið fyrsta og um leið verði byggt við húsið og það stækkað til suðurs til að gera fullnægjandi aðstöðu fyrir búnað innan hússins á neðri hæð þess. Nefndin leggur til að gerð verði kostnaðaráætlun fyrir verkefnið og í framhaldi verði gerð framkvæmdaáætlun. Mælist er til þess að tekið verði



Mýrdalshreppur

tillit til þessa við fjárhagsáætlunargerð sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar, samþykkt með fjórum atkvæðum, R.H. situr hjá.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Beiðni um umsögn vegna rekstrarleyfis frá KEA hótélum vegna Hótel Kötlu á Höfðabrekku
Fram var lagt erindi frá Sýslumanni þar sem beið var um umsögn um rekstraleyfi í flokki IV.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins.

2. Bréf frá mennta- og menningarmálaráðherra

- 2a. Skýrsla starfshóps um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþróttá- og æskulýðsstarfi

Fram var lagt bréf frá mennta- og menningarmálaráðherra og meðfylgjandi skýrsla vinnuhóps um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldi í íþróttá- og æskulýðsstarfi.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa bréfi ráðherra og skýrslu starfshópsins til fræðslunefndar, íþróttá- og tómstundanevndar, stjórnar ungmennafélagsins Kötlu og skólustjóra Víkurskóla og felur sveitarstjóra að vinna að framgangi tillagna starfshópsins er lúta að sveitarfélögum .

3. Erindi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands vegna gámasvæðis

Fram kemur í erindi Heilbrigðiseftirlits að ekki sé fyrir hendi starfsleyfi vegna Gámavallarins við Smiðjuveg.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að sækja um tilskilið starfsleyfi fyrir gámsvæðið við Smiðjuveg.

4. Erindi frá Félagi hópferðaleyfishafa.

4a. Bréf frá SASS um framangreint mál

Fram var lagt afrit af bréfi Félags hópferðaleyfishafa til samgönguráðherra og einnig bréf frá Bjarna Guðmundssyni framkvæmdastjóra SASS, þar sem mótmælt er þeirri fullyrðingu Félags hópferðaleyfishafa að samtökin beiti hópferðafyrirtæki á Suðurlandi ofbeldi.

Lagt fram til upplýsingar.

5. Beiði um umsögn vegna veitingar rekstrarleyfis Víkurbrautar 18

Sveitarstjórn vísar til takmarkana er varðar útleigu á íbúðarhúsnæði til gistingar í þéttbýlinu í Vík sem bætt var við greinargerð með breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps með vísan í reglugerð nr. 585/2007:

„Útleiga íbúðarhúsnæðis til gistingar í flokki II samkvæmt skilgreiningu reglugerðarinnar er óheimil, þó verði þau leyfi sem veitt hafa verið vegna gistingar í flokki II í þéttbýlinu í Vík framlengd til ársins 2022, verði eftir því leitað.

Heimagisting verði heimiluð, en verði að hámarki 10 gistirými í samræmi við skilgreiningu byggingarreglugerðar á flokkun húsnæðis m.t.t. brunavarna. Sýna verður fram á að næg



Mýrdalshreppur

bílastæði verði við húsið, það rækilega merkt og að starfsemin muni ekki hafa truflandi áhrif á íbúðabyggingu.

Með nýrri reglugerð um veitinga og gististaði 1277/2016 er sú reglugerð sem ofangreind samþykkt sveitarstjórnar tekur mið af felld úr gildi. Í c- lið 4.gr. reglugerðar 1277/2016 eru minni gistiheimili skilgreind sem gististaður með færri 5 herbergjum eða rými fyrir 10 einstaklinga eða færri. Sveitarstjórn samþykkir með vísan til þeirrar greinar að framlengja þau leyfi sem áður voru veitt til til gistingar í flokki II til 2022.

Með vísan í framangreint gerir sveitarstjórn Mýrdalshrepps ekki athugasemd við veitingu rekstrarleyfis vegna Víkurbrautar 18 til ársins 2022.

6. Landsbyggðarleikhús umsókn um styrk

Fram var lagt erindi frá Jóel Sæmundssyni varðandi verkefni sem er að fara af stað og hefur vinnuheimilið Landsbyggðarleikhús. Sótt er um styrk til þessa verkefnis að upphæð 150- til 225.000 frá sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn getur ekki orðið við erindinu.

7. Umsókn um tækifærisleyfi vegna dansleiks í íþróttahúsinu á Regnbogahátíðinni

Sveitarstjórn telur íþróttahúsið ekki í stakk til slíks skemmtanahalds að svo komnu máli og fellst ekki á að haldinn verði dansleikur í íþróttahúsinu en samþykkir að veitt verði tækifærisleyfi fyrir dansleik í Leikskálum.

8. Beiðni um undanþágu frá fjallskilum vegna fjárfjölda frá ábúendum Valla

Fram var lögð beiðni frá ábúendum Valla um undanþágu frá fjallskilgjaldi vegna fjárfjölda.

Sveitarstjórn samþykkir framkomna beiðni.

9. Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi frá Veitingahúsinu Suður-Vík ehf.

Fram var lagt erindi frá Sýslumanni þar sem beiðni var um umsögn um rekstrarleyfi í flokki III.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins.

III. Málefni til umfjöllunar/ afgreiðslu

1. Tilkynning um fasteignamat sveitarfélaga fyrir árið 2019 frá Þjóðskrár Íslands.

Lagt fram til kynningar.

2. Álagningaforsendur 2019

Útsvarshlutfall: Útsvarshlutfall verður óbreytt á árinu 2019, 14.52%

Fasteignaskattur: Er álagður samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum.

- a) Allt að 0,5% af fasteignamati: Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.
- b) 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum: Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.



Mýrdalshreppur

- c) Allt að 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum: Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðapjónustu..

Heimilt er sveitarstjórn að hækka álagningu í a) og c) lið um allt að 25%.

Elli- og örorkulífeyrisþegum, er búa í eigin húsnæði, er veittur afsláttur af fasteignaskatti og holræsagjaldi samkvæmt sérstakri reglugerð er sveitarstjórn hefur samþykkt. Eigendur húsa þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþróttar-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf, geta sótt um styrki til sveitarstjórnar til greiðslu fasteignaskatts. Sveitarstjórn hefur sett reglur um veitingu slíkra styrkja.

Sveitarstjórn samþykkir að álögð fasteignagjöld í Mýrdalshreppi 2019 verði með eftirfarandi hætti.

Fasteignaskattur:	A-flokkur	0,48 % af fasteignamati húss og lóðar
	B-flokkur	1,32 % af fasteignamati húss og lóðar
	C-flokkur	1,65 % af fasteignamati húss og lóðar

Sveitarstjórn samþykkir álagningu eftirfarandi gjalda sem innheimt verða með fasteignaskatti.

Holræsagjald: er 0,20 % af fasteignamati húss og lóðar

Rotþróargjald: er kr. 11.018.-

Lóðarleiga: er 1,5 % af lóðarmati lóðar

Vatnsgjald: er 0,15 % af fasteignamati húss og lóðar

Í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnar verður innheimtur fasteignaskattur skv. c lið af öllu húsnæði sem nýtt er í tengslum við ferðapjónustu, en tekið tillit til nýrra laga um heimagistingu verði sýnt fram á að húsnæðið sé ekki leigt nema í 90 daga á ári eða tekjur af útleigu fari ekki yfir 2 milljónir.

Sorpgjöld 2019

SORPGJÖLD	Sorphreinsun förgun	og Gámavöllur endurvinnsla	og SAMTALS
Íbúðir	Kr.	Kr.	Kr.
Íbúðarhús	21.274	22.121	43.395
Sumarhús	10.632	11.061	21.692
Fyrirtæki			
Flokkur 0		25.124	25.124
Flokkur 1	27.638	27.638	55.275
Flokkur 2	90.562	55.259	145.821
Flokkur 3	181.137	73.057	254.194
Flokkur 4	271.700	76.027	347.727
Flokkur 5	362.258	82.896	445.154

Sveitarstjórn samþykkir með fyrirvara um breytingar vegna nýs samnings sem gerður verður um sorphirðu í Mýrdalshreppi.

Þá samþykkir sveitarstjórn eftirfarandi:

- Leikskólagjöld og tónskólagjöld hækka um 2,5% milli ára og sama á við um önnur gjöld svo sem vegna dægradvalar og fæðiskostnaðar.
- Gjaldskrá fyrir hunda- og kattaleyfi hækkar um 2,5% frá álagningu síðasta árs og verður því 8.610 á hvert dýr.
- Gjaldskrá íþróttamannvirka verður tekin til endurskoðunar í haust.

Samþykkt samhljóða



Mýrdalshreppur

3. Kosning aðalmanns í fræðslunefnd í stað Þorgerðar H. Gísladóttur
Íris Mjöll Valdimarsdóttir tilnefnd sem aðalmaður í fræðslunefnd og komi í stað Þorgerðar H. Gísladóttur.

Samþykkt samhljóða

4. Fram er lögð svohljóðandi áskorun til stjórnar Rarik:
Sveitarstjórn Mýrdalshrepps skorar á stjórn Rarik að bæta afhendingaröryggi rafmagns í Mýrdalshreppi.
Eins og fram kom á fundi með stjórn Rarik sem haldinn var á Hótel Kötlu 31. ágúst sl. þá er afhendingaröryggi raforku í Mýrdalshrepp hvergi nærri nógu vel tryggt. Þetta kom fram í máli fulltrúa Mýrdalshrepps á fundinum og var staðfest af starfsmanni Rarik sem sagði að straumleysi í Vík og nágrenni væri tíðara heldur en gengur og gerist annars staðar. Þó talsvert hafi verið unnið í að koma raflinum í jörð þá hefur það ekki dugað til að fyrirbyggja straumleysi, sérstaklega vegna bilana í spennistöð í Rimakoti.
Þar til að búið er að gera nauðsynlegar úrbætur á flutningskerfinu sem tryggir afhendingaröryggi óskar sveitarstjórn Mýrdalshrepps eftir því að tryggt verði að varaafli í Vík verði nógu öflugt til þess að þjónusta Vík og nágrenni. Ótækt er að allur sá fjöldi gistiheimila og hótela sem nú eru opin allt árið í Mýrdalnum séu ítrekað straumlaus þegar fjöldi ferðamanna er jafn mikill og raun ber vitni.

Samþykkt samhljóða

5. Tillaga um stofnun starfshóps vegna Leikskála.

Tillagan er samþykkt og jafnframt að Æsa Gísladóttir verði fulltrúi T-lista í starfshópnum og að Birgir Hinriksson verði fulltrúi L-listans.

IV. Fundargerðir til kynningar.

1. Fundargerð 535. fundar stjórnar SASS frá 15. ágúst 2018.

Lagt fram til kynningar.

2. Fundargerð 189. fundar heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 23. ágúst 2018.

Lagt fram til kynningar.

3. Fundargerð 58. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu frá 15. Ágúst 2018

Lagt fram til kynningar.

V. Kynningarefni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.42



Mýrdalshreppur

Einar Freyr Elínarson oddviti

Ingi Már Björnsson

Drífa Bjarnadóttir

Ragnheiður Högnadóttir

Páll Tómasson